

Stjórnarfundur TSÍ þann 30.03.2009 kl 12:00 – 13:10

Mættir voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, Jónas, Raj, Rakel og Skjöldur

1. Val á leikmönnum á Smáþjóðaleikana

Í ljósi þess að TSÍ fær auka fjármagn upp á 500.000 kr sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun var ákveðið að senda 4 leikmenn á Smáþjóðaleikana sem eru í byrjun júní, 2 konur og 2 karla. Keppt verður um sæti karlanna en Sandra Dís og Iris voru valdar fyrir Smáþjóðaleikana. Iris lét vita seint í gærkveldi að hún kæmist ekki og því var rætt við Rebekku og er beðið eftir svári frá henni.

2. Undirbúningur fyrir ársþing TSÍ 2009

Búið er að senda út fundarboð, dagskrá og kjörbréf. Einnig er búið að panta sal. Hafsteinn Pálsson mun stjórna þinginu. Ákveðið var að panta veitingar fyrir ársþingið fyrir ca 30 manns og ca 30 skýrslur verða prentaðar.

Farið var yfir hver skrifar hvað í ársskýrsluna og er verkaskiptingin eftirfarandi:

Skjöldur: Skýrsla stjórnar og að setja allt saman

Raj: Íslandsmót innanhúss og Davis Cup

Gunnar: Landsliðsnefnd og þinggerð frá síðasta ársþingi

Ingólfur: Mótanefnd

Yousef: Dómaranefnd

Jónas: Fjáröflunar- og markaðsnefnd

Rakel: Úrdráttur úr fundargerðum

Andri: 14U þróunarmót

Mia: Fed Cup

Hver þarf að skila sinni greinargerð til Skjaldar þremur dögum fyrir ársþingið þannig að hann geti sett það upp og sent í prentun.

Skjöldur greindi frá því að hann ætlar að bjóða sig áfram sem formaður TSÍ. Sæti Hafsteins og Gunnars eru laus á næsta þingi en þeir hafa einnig hugsað sér að bjóða sig áfram fram.

Jónas greindi frá því að nýtt tennisfélag var stofnað í desember síðastliðin, Tennisfélag Garðabæjar. Jónas ætlar að tala við Heimi formann Tennisfélag Garðabæjar til að athuga hvort þeir séu orðnir viðurkennt félag til að geta tekið þátt í ársþinginu.

Rætt var um fyrirhugaða Tennishöll í Reykjavík. Fyrir hrúnið í október var búið að samþykkja í deiliskipulagi að byggja ætti tennishöll við TBR og allt komið á gott skrið en Sigríður tengiliður okkar kvaðst ekki bjartsýn sökum ástandsins. Ákveðið var að stjórn TSÍ myndi reyna að halda fund með formönnum Víkings, Fjölnis og Þróttar til að ýta á byggingu tennishallar í Reykjavík. Þeirri fyrirætlun yrði sagt frá á ársþinginu.

3. Ný heimasíða TSÍ

Rakel útlísti hugsanlegum leiðum í byggingu nýrrar heimasíðu og þá hvort hún ætti að innihalda vefumsjónakerfi eður ei. Rætt var um að fá hugsanlega fagaðila í verkið, þá

annað hvort fyrirtæki eða einstakling. Einnig er möguleiki á að Rakel setji sjálf upp nýja síðu. Ákveðið var að Rakel myndi leita tilboða í nýja heimasíðu sem yrði svo lögð fyrir stjórn til að hægt væri að taka ákvörðun.

Rakel stakk upp á því að nafni heimasíðunnar yrði breytt og að lénið yrði .is í stað .com. Sú breyting myndi fela í sér aukinn árlegan kostnað. Ákveðið var að Rakel myndi koma með nákvæmari tölur um árlegan kostnað við breytinguna áður en ákvörðun yrði tekin.

4. Önnur mál

Árþing ÍSÍ er 17.-18.apríl. Gunnar, Ingólfur og Hafsteinn skráðu sig á það fyrir hönd TSÍ.

Eftir síðasta fund var ákveðið að styrkja ekki Ólympíuleika Æskunnar. Raj vildi fá rökstuðning stjórnar við því að ákveðið var að styrkja Smáþjóðaleikana en ekki Ólympíuleika Æskunnar. Rökstuðningur stjórnar var að senda eigi unglunga í keppnisferð í sumar sem TSÍ ætli að styrkja og að þeir leikmenn sem færu á Ólympíuleika Æskunnar gætu fengið að fara í þá keppnisferð. Einnig taldi stjórn að hægt væri að senda sterkara teymi á Smáþjóðaleikana en Ólympíuleika Æskunnar auk þess sem fjórir leikmenn ættu að fara á Smáþjóðaleikana í stað tveggja á Ólympíuleika Æskunnar.

Kveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ